# Heilsuborgin Reykjavík

– Borgin sem ég vil búa í

Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030

Samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. október 2021.

Græna planið

Lýðheilsa og lífsgæði eru lykiláherslur í framtíðarsýn og áherslum borgarinnar á öllum sviðum. Það þýðir að Reykjavík á að vera sannkölluð heilsuborg, hvort sem litið er til hins andlega, líkamlega eða félagslega.

# Inngangur

Við viljum öll eiga gott líf, njóta þess og vera hamingjusöm.

Stefna Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að fjölga æviárum þar sem íbúar búa við góða heilsu og vellíðan. Hún hefur það markmið að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í borg þar sem þeim finnst gott að búa í sátt og samlyndi. Áhersla er á forvarnir gegn hættu og vá en markið er sett hærra en vera eingöngu laus við vandamál og hættu, og áhersla lögð á heilsueflingu þar sem markmiðið er góð heilsa og vellíðan allra borgarbúa.

Lýðheilsustefna Reykjavíkur er ein af meginstefnum borgarinnar og samofin öðrum stefnum hennar þar sem nær öll starfsemi borgarinnar hefur með beinum eða óbeinum hætti áhrif á heilsu og líðan borgarbúa. Lýðheilsustefnan er hluti Græna plansins og styður við markmið þess um græna lífsgæðaborg. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030 í því augnamiði að borgin verði efnahagslega, umhverfislega og félagslega sjálfbær.

Eitt af aðal markmiðum stefnunnar er því að tryggja vinnulag til framtíðar þar sem markvisst er hugað að því hvaða áhrif aðgerðir og stefnur borgarinnar hafa á heilsu og líðan borgarbúa. Lögð er áhersla á skýran ramma um lýðheilsustarf sem tryggir að aðgerðir byggi á gögnum og bestu þekkingu á hverjum tíma. Stefnt er að því að mæla heilsu, líðan og lifnaðarhætti reglubundið á öllum æviskeiðum og kynna fyrir borgarbúum. Jafnframt verður fylgst reglubundið með heilsu og líðan á öllum æviskeiðum og þeim þáttum sem hafa þar áhrif á ásamt því að meta árangur aðgerða og áætlana.

Reykjavík setur fram sína fyrstu lýðheilsustefnu á tímum sem einkennast af óvissu vegna Covid-19 faraldursins. Ljóst er að hann hefur þegar haft í för með sér breytingar á umhverfi og líðan borgarbúa til skemmri tíma en óvissa er um hve mikil langtímaáhrif hann mun hafa. Eitt af markmiðum lýðheilsustefnunnar er meta áhrif Covid-19 aðgerða og eftirkasta faraldursins á lýðheilsu með lýðheilsumati til að tryggja öryggi og heilsu borgarbúa og huga sérstaklega að þörfum viðkvæmra hópa.

Til að ná fram markmiðum lýðheilsustefnunnar er aðgerðaráætlun um heilsueflingu og forvarnir sett fram á 2 ára fresti út frá stöðumati á hverjum tíma til að mæta helstu áskorunum sem snúa að heilsu og líðan borgarbúa.

# Efnisyfirlit

1. Forsendur lýðheilsustefnu
2. Framtíðarsýn og leiðarljós
3. Meginmarkmið og áherslur
4. Aðgerðaáætlun 2021-2023
5. Viðaukar

Forsendur lýðheilsustefnu - ítarefni

Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Mótun lýðheilsustefnu

Erindisbréf starfshóps

Lýðheilsumat – Skilgreining og tegundir

Stöðumat fyrir áherslur

Lýðheilsuvísar Reykjavíkur

Úr viðauka með aðalskipulagi Reykjavíkur - Heilsuborgin

# Hugtök og skilgreiningar

### Heilsa

„Heilsa er líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan en ekki einungis það að vera laus við sjúkdóma og örorku“ (WHO, 1948).

### Heilsuefling og forvarnir

Heilsuefling snýst um að efla það sem er gott fyrir líkama og sál (heilsa og vellíðan) og forvarnir um að sporna gegn því sem er óæskilegt (áhættuhegðun, sjúkdómar, slys) með markvissri vinnu með verndandi þætti.

### Heilsulæsi

Heilsulæsi er getan til að taka traustar ákvarðanir um heilsu í daglegu lífi, á heimilum, í samfélaginu, á vinnustað, í heilbrigðiskerfinu, í verslun og viðskiptum og á pólitískum vettvangi (Kickbusch, 2006).

### Jöfnuður

Jöfnuður til heilsu snýst um að allir hafi jöfn tækifæri til að varðveita og bæta heilsu sína án tillits til bakgrunns eða stöðu.

### Lýðheilsa

„Lýðheilsustarf felur í sér markvissar aðgerðir hins opinbera og annarra sem miða að því viðhalda og bæta heilsu, líðan og lífsgæði þjóða og þjóðfélagshópa með m.a. heilsueflingu og forvörnum“ (WHO, 1988).

### Vellíðan

Að líða vel, að ná að takast á við áskoranir daglegs lífs á uppbyggjandi hátt og vera virkur þátttakandi í samfélaginu (Huppert, 2005).

### Félagsauður

Félagsauður er verðmæti þeirra félagstengsla sem fólk myndar í ýmsum hópum, svo sem í fjölskyldu, vinahópi, félagasamtökum og öðrum hópum sem tengjast nærumhverfi. Félagsauður getur búið til eða magnað mismunun þar sem fólk nýtir félagstengsl og félagsnet til að fá aðgang að björgum og góðum stöðum. Félagsauður er einnig talinn geta haft áhrif á frammistöðu stjórnvalda þar sem aukinn félagsauður er talinn leiða til meira trausts og betri samvinnu innan samfélaga.

# 1. Forsendur lýðheilsustefnu

Græna planið

WORLD HEALTH ORGANIZATION

Healthy Cities 21st Century

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Reykjavík
vellíðan fyrir alla

Meginmarkmið og áherslur lýðheilsustefnu Reykjavíkur byggja á áhrifaþáttum heilbrigðis og vellíðanar, með áherslu á félagslega áhrifaþætti heilsu, og samræmast meðal annars:

- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til ársins 2030 um félagslega, umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni.
- Lýðheilsustefnu velferðarráðuneytisins og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi.
- Heilsueflandi samfélagi Embættis landlæknis, áherslum og tengdu starfi.
- Sex þemum Kaupmannahafnarsamkomulagsins hjá WHO Healthy Cities.
- Græna planinu, sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030 og öðrum lykilstefnum borgarinnar.

Nánar er fjallað um forsendur stefnunnar í viðauka.

# Framtíðarsýn

Reykjavík er heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra.

# Leiðarljós í starfsemi Reykjavíkur á sviði lýðheilsu

Áhersla á lýðheilsu er ofin inn í alla starfsemi og stefnumörkun Reykjavíkur, starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma og veldur ekki skaða.

Gildi í lýðheilsustarfi Reykjavíkurborgar eru:

**JÖFNUÐUR – FAGMENNSKA – VELLÍÐAN – SAMVINNA**

# Samantekt á meginmarkmiðum

## 1 Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum

a) **Heilsueflandi borg** (fólk og staðir)

b) Fyrirmyndarborg í **forvörnum**

c) Borgarþróun fyrir heilsu fólks og **jörðina**

## 2 Jöfnuður til heilsu og vellíðanar - engin skilin eftir

a) **Jöfnuður**

b) **Þátttaka** allra

c) Öryggi og **friður**

## 3 Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar

a) **Samstarf** um heilbrigða borg

b) Lýðheilsustarf byggt á gögnum og reglu-legum **mælingum**

c) Sjálfbært **velsældarhagkerfi**

# 1. Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum

Litið er til áhrifaþátta heilbrigðis og vellíðanar í lýðheilsustarfi í Reykjavík sem unnið er að á öllum sviðum borgarinnar.

## Áherslur:

a. Heilsueflandi borg

b. Fyrirmyndarborg í forvörnum

c. Borgarþróun fyrir heilsu fólks og jörðina

3 HEILSA OG VELLÍÐAN

Í Reykjavík er markvisst unnið að því að skapa umhverfi og aðstæður sem hafa jákvæð áhrif á heilsu, líðan og lifnaðarhætti allra borgarbúa.

# 1.a. Heilsueflandi borg

Unnið er markvisst með áhrifaþætti heilbrigðis yfir æviskeiðið, m.a. í gegnum Heilsueflandi nálganir (samfélag, leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli, frístundastarf, hverfi, vinnustaður, aldraðir).

Unnið er að bættri heilsu og vellíðan á öllum æviskeiðum, þar sem sérstaklega er hugað að tveimur mikilvægum tímabilum:

**Börn og ungmenni**

Þar er grunnurinn lagður að framtíðarheilsu einstaklingsins

Grundvallað á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

**Aldraðir**

Sístækkandi og fjölbreyttur hópur sem gæta þarf sérstaklega að svo þau geti lifað innihaldsríku og virku lífi sem lengst

Grundvallað á Aldursvænum borgum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar

**Sérstök áhersla er lögð á :**

Geðrækt, hreyfingu, næringu, svefnvenjur, félagsfærni, kynheilbrigði og endurheimt tíma til að njóta lífsins

- Mikilvægir áhrifaþættir heilsu sem vert er að huga sérstaklega að í ört breytilegu borgarsamfélagi nútímans

Heilsulæsi

- Hæfni einstaklinga til að standa vörð um eigin heilbrigði, að gera fólki betur kleift að taka jákvæðar ákvarðanir varðandi heilsu sína og líðan, m.a. með tómstundamenntun um hvernig megi nýta frítímann á jákvæðan og uppbyggilegan hátt

Holla valið er auðvelt, það óholla erfiðara

Reykjavíkurborg sem vinnustaður

- Stuðlar markvisst að heilsueflandi vinnuumhverfi á starfsstöðum með það að leiðarljósi að styðja starfsfólk við að efla heilsu, auka vellíðan og efla starfshæfni

**Mælikvarðar:** Gátlistar Heilsueflandi samfélags, lýðheilsuvísar EL og RVK, skólakannanir R&G, hagir og líðan eldri borgara, borgara.Veikindafjarvistir starfsfólks, starfsánægja starfsfólks.

# 1.b. Fyrirmyndarborg í forvörnum

Borgin vinnur að forvörnum á öllum æviskeiðum gegn áhættuhegðun, sjúkdómum, ofbeldi, slysum og annarri vá.

Í öllu sínu forvarnarstarfi byggir Reykjavíkurborg á samfélagsmiðaðri nálgun, skaðaminnkun og víðtæku samstarfi margra aðila.

Áfram verður unnið eftir þessari árangursríku aðferðafræði í forvörnum gegn áhættuhegðun barna og unglinga sem byggir á rannsóknargögnum, hún þróuð og styrkt inn í framtíðina, samhliða síbreytilegum áskorunum á þessum viðkvæmu mótunarárum í lífi borgarbúa.

**Sérstök áhersla er lögð á verndandi þætti gegn áhættuhegðun barna og unglinga:**

Samveru fjölskyldunnar og foreldrastuðning

Þátttöku í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi

Almenna virkni barna og unglinga út frá eigin styrkleikum

Félagsfærni, sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum

Stuðningur við ungmenni með fjölþættan vanda vegna vímuefnanotkunar og/eða áfallasögu

Samvinnu lykilaðila í nærumhverfi, s.s. skóla, frístundastarfs, þjónustumiðstöðva, foreldrafélaga, lögreglu, heilsugæslu, íþróttafélaga o.fl.

Samstöðu um að virða útivistartíma (og önnur lög sem snúa að börnum og unglingum)

Jákvæð lífsgildi og heilbrigðan lífsstíl

Snemmtæka íhlutun

Skaðaminnkun

**Mælikvarðar:** Lýðheilsuvísar EL og Rvk, Skólakannanir R&G, gátlistar Heilsueflandi leik- og grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva, mælikvarðar menntastefnu, mælikvarðar íþróttastefnu Rvk

# 1.c. Borgarþróun fyrir heilsu fólks og jörðina

Í Reykjavík er lögð áhersla á að borgarskipulag og manngert og náttúrulegt umhverfi auki lífsgæði íbúa og vellíðan.

Í Reykjavík hafa íbúar gott aðgengi að náttúru, grænum svæðum, menningarstarfsemi, sundlaugum og annarri aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Reykjavík er skipulögð með heilsu og sjálfbærni að leiðarljósi, þar sem áhersla er lögð á eflingu hverfa án þess að gengið sé á græn svæði, bættar almenningssamgöngur og innviði fyrir virka samgöngumáta. Reykjavík verði kolefnishlutlaus árið 2040.

**Sérstök áhersla er lögð á :**

**Sjálfbær og heilsueflandi hverfi með ríkum félagsauði**, þar sem atvinnu og þjónustu má finna í nærumhverfinu

- Með því bætum við lífsgæði, samheldni og aðgengi að ýmiss konar þjónustu og starfsemi auk þess að stytta ferðatíma fólks

**Eflingu virkra samgöngumáta**, sem bæta bæði heilsu og loftgæði

- Með því hvetjum við til hreyfingar og heilsueflandi athafna og drögum úr drögum úr svifryki og útblæstri tengdri umferð bíla sem er ein helsta ógnin við heilsu fólks

**Bætt loftgæði**, sem unnið verður að með loftgæðastefnu til lengri tíma og sívöktun loftgæða sem nýtist við að veita upplýsingar um loftgæði og meta árangur aðgerða

- Með bættum loftgæðum er dregið úr langvinnum sjúkdómum og ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar

**Heilnæmt umhverfi**, sem er undirstaða lýðheilsu

- Með verndun lífríkis, vatns- og umhverfisgæða stuðlum við að vistvænni og mannvænni aðlögun að loftslagsbreytingum og sköpum skilyrði fyrir því að komandi kynslóðir geti búið í heilnæmu umhverfi sem fólki og lífríki stendur ekki ógn af

**Mælikvarðar:** Lýðheilsuvísar RVK, gátlistar Heilsueflandi samfélags, mælikvarðar loftslagsstefnu og aðalskipulags Reykjavíkur, lykiltölur umhverfis- og skipulagssviðs.

# 2. Jöfnuður til heilsu og vellíðanar

## – Engin skilin eftir

**Áherslur:**

a. Jöfnuður

b. Þátttaka allra

c. Öryggi og friður

10 AUKINN JÖFNUÐUR

Í Reykjavík er jöfnuður til heilsu lagður til grundvallar í öllu starfi borgarinnar, grunnþarfir, öryggi og mannréttindi íbúa eru tryggð, og engin skilin eftir.

# 2.a. Jöfnuður

Í Reykjavík einkennist samfélagið af jöfnuði og öllum er gert kleift að lifa innihaldsríku lífi og uppfylla möguleika sína. Viðkvæmum og jaðarsettum hópum er mætt í samræmi við þarfir þeirra og meiri áhersla lögð á að bæta aðstæður þeirra sem búa við erfiðustu aðstæðurnar.

## Sérstök áhersla er lögð á :

Að uppfylla **grunnþarfir íbúa á öllum æviskeiðum**

Allir geta framfleytt sér með atvinnu eða stuðningi og enginn býr við sára fátækt

**Öruggt húsnæði** á viðráðanlegu verði, aðgerðir gegn heimilisleysi og húsnæðisstuðning fyrir efnaminni leigjendur

- Allir eiga í einhver hús að venda og til staðar er fjölbreytt framboð húsnæðis fyrir alla félagshópa

**Þekkingu á viðkvæmum og jaðarsettum hópum** í borginni og hverjar þarfir þeirra eru

- Þörfum þeirra er mætt með viðeigandi aðgerðum, valdeflingu og skaðaminnkun og í samráði við þau sjálf

**Mælikvarðar t.d.:** Fjölgun íbúða og húsnæðisúrræða samkvæmt Húsnæðisáætlun og aðalskipulagi, lýðheilsuvísar, lykiltölur velferðarsviðs, borgarvísar í atvinnu- og velferðarmálum, mælikvarðar menntastefnu

# 2.b. Þátttaka allra

Í Reykjavík er markvisst unnið að því að virkja alla til þátttöku í samfélaginu á eigin forsendum og að gera öllum kleift að hafa áhrif á samfélagið sem þau búa í. Með því er áhersla lögð á að heilbrigt samfélag þrífst á fjölbreytileika og þátttöku allskonar fólks.

## Sérstök áhersla er lögð á :

**Samráð og notendamiðaða nálgun** í þjónustu við jaðarsetta hópa og að náð verði til viðkvæmra og jaðarsetta hópa í allri starfsemi borgarinnar

- Með því drögum við úr ójöfnuði og aukum traust og félagsauð í samfélaginu

Að vinna gegn **einmanaleika og félagslegri einangrun** fólks á öllum aldri

- Að draga úr einmanaleika og einangrun stuðlar að bættri heilsu og aukinni þátttöku í samfélaginu og þar með samheldni

**Aðgengi** fyrir alla

- Aðgengi fyrir alla á að vera aðalsmerki borgarinnar og algild hönnun höfð að leiðarljósi þar sem þjónusta er hönnuð út frá notandanum. Aðgengi að upplýsingum og þjónustu er hannað með aðgengi allra í huga og manngert umhverfi borgarinnar einnig svo að allir geti tekið þátt og notið þess sem borgin hefur upp á að bjóða

**Mælikvarðar:** Gátlistar Heilsueflandi samfélags, gátlistar um aðgengi.

# 2.c. Öryggi og friður

Reykjavík er örugg borg þar sem mannréttindi eru virt og stuðlað er að friði.

Áhersla er jafnframt lögð á að borgin tryggi almannaheill vegna náttúruvár, farsótta eða þegar annars konar hættuástand skapast, með það að leiðarljósi að vernda andlega, líkamlega og félagslega heilsu, umhverfi og innviði samfélagsins.

## Sérstök áhersla er lögð á :

**Traustar almannavarnir** sem halda nauðsynlegustu starfsemi órofinni

- Þegar hættuástand skapast er neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjuð og sérstaklega er **hugað að þörfum og áhrifum á viðkvæma hópa**. Unnið er samkvæmt viðbragðsáætlun neyðarstjórnar sem fjallar um skipulag, virkjun, samhæfingu og stjórn aðgerða við hvaða áfalli, hættu- og neyðarástandi sem upp getur komið

**Öryggi, friður og mannréttindi** fyrir alla

- Allir hafa rétt á að lifa við frið og öryggi og án þess að frelsi þeirra sé skert eða að búa við ógn, áreiti eða ofbeldi af einhverju tagi. Með því er unnið gegn fordómum, jaðarsetningu og öðrum þáttum sem geta hindrað fólk í að skapa sér gott líf

**Mælikvarðar:** Borgarvísar í atvinnu- og velferðarmálum, mælikvarðar mannréttindastefnu (í vinnslu), gátlistar Heilsueflandi samfélags. Auk þess er tekið mið af skilgreiningum skv. áhættumati fyrir höfuðborgarsvæðið og almannavarnarstigum.

# 3. Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar

## Áherslur:

a. Samstarf um heilbrigða borg.

b. Lýðheilsustarf byggt á gögnum og reglulegum mælingum

c. Sjálfbært velsældarhagkerfi

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN

Í Reykjavík er lögð áhersla á að allar starfseiningar og aðrir hagaðilar innan og utan borgarinnar, s.s. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, vinni markvisst saman, á grundvelli bestu þekkingar og reynslu, að bættri heilsu og vellíðan allra.

# 3.a. Samstarf um heilbrigða borg

Til staðar er umgjörð og vinnulag sem tryggir öflugt samstarf innan borgar, aðkomu allra hagsmunaaðila og skýra hlutverkaskipan með það að markmiði að heilsa og vellíðan borgarbúa sé höfð að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku og starfi borgarinnar.

**Sérstök áhersla er lögð á :**

**Markvisst lýðheilsustarf** sem byggir á bestu þekkingu, í samræmi við meginmarkmið og leiðarljós lýðheilsustefnunnar

- Umgjörð og vinnulag sem stuðla að góðum gæðum lýðheilsustarfs í borginni til framtíðar

**Skipulagt samstarf innan borgarkerfisins** s.s. á milli ólíkra fagsviða og skrifstofa, miðlægt og sem og í hverfum

- Við erum öll að vinna að sama markmiði með fjölbreyttum hætti

**Samstarf og samráð við heilsugæsluna** og aðra hagaðila

- Með fjölbreyttri fagþekkingu, reynslu og innsýn í þarfir er komin sú liðsheild sem þarf til að skapa borgina sem við viljum búa í

**Samstarf við borgarbúa**, sem eru sérfræðingarnir í eigin heilsu

- Til viðbótar við opinbert lýðheilsustarf þurfa einstaklingar að taka ábyrgð á eigin heilsu, eflingu félagsauðs og á því að vinna að bættri lýðheilsuvinna með hinu opinbera hvers hlutverk á að vera að styðja við sjálfsprottið félags- og lýðheilsustarf í hverfum

**Mælikvarðar:** Gátlistar HSAM t.d. um markvisst lýðheilsustarf.

# Markvisst lýðheilsustarf Reykjavíkurborgar

## Samstarf um heilbrigða borg

**Stýrihópur Heilsuborgarsamtaka**
Skipaður fulltrúum yfirstjórnar Reykjavíkurborgar, skv. skilyrðum samtakanna, auk fulltrúa frá Embætti landlæknis.
**Hlutverk:** Stýrihópur fyrir aðild Reykjavíkurborgar að Healthy Cities.

**Faghópur um lýðheilsu**
Skipaður verkefnastjóra lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, verkefnastjórum félagsauðs og frístunda í þjónustumiðstöðvum, fulltrúum fagsviða, fulltrúa forvarna-hóps, fulltrúum Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
Hittist mánaðarlega, í þeirri mynd sem hæfir hverju sinni.
**Hlutverk:** Stýrihópur Heilsueflandi samfélags, sem styður við innleiðingu lýðheilsustefnu og kemur að endurskoðun aðgerðaáætlunar hennar.

# Markvisst lýðheilsustarf Reykjavíkurborgar

1. **Stöðumat/þarfagreining – heildstætt**
   - Lýðheilsuvísar, aðrir mælikvarðar og gögn - Mælaborð lýðheilsu
   - Gátlistar HSAM, skóla og vinnustaða
   - Kortlagning
   - Samráð
2. **Stefnumótun - þessi stefna gildir til 2030**
   - Endurskoðuð eftir þörfum
   - Mikil tengsl við aðrar stefnur og áætlanir borgarinnar
3. **Aðgerðaáætlun - til ársloka 2023**
   - Forgangsröðun út frá stöðumati, tengt fjárhagsáætlun
   - Endurskoðuð og uppfærð á tveggja ára fresti
4. **Innleiðing aðgerða**
   - Ferilmat – Staða innleiðingar.
   - Árangursmat

# Markvisst lýðheilsustarf í samræmi við markmið og leiðarljós Heilsueflandi samfélags

### Umgjörð um markvisst lýðheilsustarf í Reykjavík:

- Stýrihópur heilsuborgarsamtaka
- Faghópur um lýðheilsu, sem er jafnframt stýrihópur Heilsueflandi samfélags (HSAM)
- Aðrir hópar

### Vettvangar og verkfæri:

- Lýðheilsuvísar, aðrir mælikvarðar og gögn
- Heilsueflandi.is kerfið og gátlistar HSAM
- Vinnustofur og fundir
- Ráðgjöf og stuðningsefni
- Heilsueflandi skólar og vinnustaðir

# 3.b. Lýðheilsustarf byggt á gögnum og reglulegum mælingum

Hágæða gögnum er safnað og þau markvisst nýtt í stefnumótun, áætlanagerð og aðgerðum. Auk þess er framkvæmt lýðheilsumat á viðeigandi stefnum og áætlunum.

## Sérstök áhersla er lögð á :

**Að birta reglulega mælingar á heilsu og líðan í mælaborði borgarbúa eftir kynjum og fleiri breytum**

**Lýðheilsuvísa** sem gefnir eru út árlega

Að gefa skýra mynd af stöðu lýðheilsu í borginni – það sem við mælum fær athygli

Að lýðheilsuvísar og önnur **gögn eru undirstaða stefnumótunar og aðgerða** í lýðheilsustarfi borgarinnar sem byggir á fordómaleysi og gagnreyndum aðferðum

- Fylgst verður með og brugðist hratt við, hvort sem þörf er á almennum eða sértækari lausnum

**Lýðheilsumat** er þróað fyrir borgina og því beitt á stefnur og áætlanir eftir þörfum

- Meðvitund um áhrif ákvarðana á heilsu allra íbúa

**Mælikvarðar:** Regluleg birting lýðheilsuvísa og annarra mælinga á heilsu og líðan. Framkvæmd lýðheilsumats.

# 3.c. Sjálfbært velsældarhagkerfi

Vellíðan borgaranna knýr efnahagslega velmegun, stöðugleika og seiglu, með áherslu á fólk, réttlæti og sjálfbærni.

## Sérstök áhersla er lögð á :

**Lífsgæði** fólks

Grundvöllur stefnumótunar í borginni

Félagslegt **réttlæti**

Borgarhagkerfið hverfist um jöfnuð, aðgengi, þátttöku og réttindi íbúanna

Félagslega, umhverfislega og efnahagslega **sjálfbærni**

- Komandi kynslóðir eiga líka möguleika á að lifa við góða heilsu
- Velsældarhagkerfi er í grunninn hagkerfi þar sem horft er til fleiri vísa eða mælikvarða en hagvaxtar og þjóðarframleiðslu, t.d. lífsgæða íbúa, jöfnuðar og sjálfbærrar uppbyggingar samfélaga

**Mælikvarðar:** Mælikvarðar lýðheilsustefnu og ISO-37120 um sjálfbærar borgir og samfélög (WCCD)